



Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 16. janúar 2025
2501990/501.00 ADK

Óskað er heimildar skipulags- og umhverfisráðs til að hefja skipulagsvinnu fyrir Arnarnesveg milli Fífuhvamsvegar og Rjúpnavegar.

Lagt er til að gert verði nýtt deiliskipulag fyrir hluta Arnarnesvegar milli Fífuhvamsvegar og Rjúpnavegar með það að markmiði að auka umferðaröryggi, tryggja umferðarflæði og bæta tengingar fyrir almenningsvagna. Skipulagssvæðið er um 6 ha að flatarmáli og afmarkast af skipulagsmörkum deiliskipulags golfvallar í Leirdal til suðurs, skipulagsmörkum deiliskipulags Salahverfis til norðurs, skipulagsmörkum deiliskipulags 3. áfanga Arnarnesvegar til austurs og skipulagsmörkum deiliskipulags Arnarnesvegar milli Reykjanesbrautar og Fífuhvamsvegar til vesturs. Sjá mynd 1.

Til að auka umferðaröryggi eru lagðar til breytingar á núverandi fyrirkomulagi gatnamóta. Hringtorg komi í stað T gatnamóta við Salaveg og vinstri beygja frá Arnarnesvegi lögð af við Sólarsali.

Samráð verður haft við Vegagerðina sem er veghaldari Arnarnesvegar á ofangreindu svæði.



Mynd 1: Fyrirhugað skipulagssvæði Arnarnesvegar milli Fífuhvamsvegar og Rjúpnavegar.

Virðingarfyllst,

Auður D. Kristinsdóttir

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi